

Tilmæli 1/2020

Fyrri skjalsnúmer	A 1780/tillväxt
Afgreiðsla	Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin
Fylgiskjal/-skjöl	Nefndarálit um þingmannatillögu um reiki á Norðurlöndum að Færeyjum og Grænlandi meðtöldum (A 1780/tillväxt)

Reiki á Norðurlöndum að Færeyjum og Grænlandi meðtöldum

Með vísan til 45. og 56. gr. Helsingforssamningsins samþykkti Norðurlandaráð hinn 28. janúar 2020 eftirfarandi tilmæli í meðferð forsætisnefndar að tillögu Norrænu hagvaxtar- og þróunarnefndarinnar.

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að koma á fót norrænu reikisamstarfi svo að allir íbúar Norðurlanda geti notið gjaldfrjálsrar reikiþjónustu þvert á Norðurlönd og sjálfstjórnarsvæðin

Kaupmannahöfn, 28. janúar 2020

Silja Dögg Gunnarsdóttir

Forseti Norðurlandaráðs

Britt Bohlin

Framkvæmdastjóri Norðurlandaráðs